

„Verndarskyldan“ - óskabúningur íhlutunarstefnunnar

Fös, 14/02/2014 - 07:07 | [Þórarinn Hjartarson](#)



Spegillinn á Þrettándaðanum

Þrettándaðadag jóla, 6. janúar, hafði Spegillinn í Ríkisútvarpinu (Pálmi Jónasson) innslag um friðar- og ófriðarhorfur í byrjun árs 2014. Farið var yfir helstu ófriðarsvæði á hnettinum nú um stundir. Innslagið var byggt á bandaríska tímaritinu „Foreign Policy“. Það gaf glögga mynd af helstu átakasvæðum í dag, og horfurnar framundan sýndust vissulega ekki bjartar. Hins vegar: Eins og títt er á þessum miðli, og ÖLLUM íslenskum fréttastofum, var sjónarhornið amerískt, myndin var FRÉTTAFRÆÐANDI en SKILNINGSHAMLANDI OG FÖLSK.

Efst á lista ófriðarlandanna, las Pálmi Jónasson, eru Síryland og einnig Líbanon þar sem Sírylandsstríðið flæðir yfir landamærin. „Assad forseti virðist fastari í sessi eftir að ekkert varð úr hernaðaríhlutun Bandaríkjanna. Hann hefur að einhverju leyti náð að spila á ótta Vesturveldanna við uppgang íslamskra hryðjuverkamanna þótt hann hafi átt stóran þátt í uppgangi þeirra með grimmdarverkum sínum. Uppreisnarmenn eru margklofnir og helstu stuðningsríki þeirra ósamstíga.“ (Þetta má skilja sem svo að vandi Sírylands sé hinn grimmi Assad, skortur á bandarískri íhlutun og klofningur andstöðunnar). Í Írak reyna súnnítar að rísa upp gegn síá-stjórnvöldum og Al Kaída hefur styrkst, og „óttast er að Íran láti þar enn meira til sín taka með ófyrirséðum afleiðingum“. Í Líbíu virðist allt vera að sjóða upp úr og „þjóðin er margklofin milli íslamista og umbótasinna, þéttbýlis og dreifbýlis o.s.frv. Vopnaðir hópar hafa tekið stjórnina í eigin hendur og allt flæðir í vopnum.“ Afganistan var afgreitt með stuttri setningu: „Og ekki skal gleyma Afganistan.“

Sú mynd sem yfirlitið gaf var að yfirstandandi stríðsátök séu til komin fyrir tilverknað andstæðra trúarhópa eða þjóða/þjóðabrota og vegna harðstjórnar einstakra stjórnvalda gegn eigin þegnum.. Augljósar lygar voru ekki í þættinum en „Hálfsafsannleikur oftast er/ óhrekjandi lygi“ sagði skáldið. Fréttayfirlitið í Speglinum er hversdagslegur fréttaflutningur, ekki gróft tilfelli en dæmigert. Það þarf einbeittan vilja til að fjalla um áður nefnd helstu stríðssvæði heimsins ÁN þess að TENGJA ÁSTANDIÐ NEITT UNÐANGENGNUM ÍHLUTUNUM STÓRVELDA. Nema hvað nefndur var SKORTUR Á ÍHLUTUN Bandaríkjanna í Sírylandi.

Mín fullyrðing er hins vegar sú að MEGINORSÖK ALLRA STRÍÐSÁTAKA Í HEIMINUM í dag séu yfiringur og undirröður heimsvaldasinna. Að baki átökunum býr ALLTAF gróðadrifin heimsvaldastefna völdugra efnahagsblokka, og langfremst í þeim flokki eru Bandaríkin og NATO-veldin sem jafnan tala um sig sem „alþjóðasamfélagið.“

Síbreytilegur búningur heimsvaldastefnunnar

Hugmyndaleg yfirbygging heimsvaldastefnunnar er aðeins breytileg í tímans rás. Klassískri nýlendustefnu 19. aldar, kapphlaupi Evrópumanna um Afríku og Asíu fylgdu opinská herrabjóðaviðhorf. Sú kynþáttahyggi hafði þó oftar en ekki „göfugar“ yfirskriftir eins og „kristniboð“ og „siðun“ villimanna og óæðri kynstofna m.m. Herrabjóðaviðhorf Evrópubúa náðu ákveðnu hámarki í nasismanum á árunum 1930-45. Jafnframt náði nasisminn með framgöngu sinni að ófrægja kynþáttahyggiuna svo mjög að hún átti sér ekki viðreisnar von í óbreyttri mynd. Eftir Nürnberg varð hún óbrúklegur búningur.

Framganga nasismans leiddi einnig til stofnunar Sameinuðu þjóðanna, og í stofnsáttmála þeirra frá 1945 fjölluðu fyrstu greinarnar um „jafnan rétt og sjálfsákvörðunarrétt þjóða“ og bann við því að ríki beittu önnur ríki vopnavaldi (nema í sjálfsvörn).

Hugmyndafræði vestrænna heimsvaldasinna á tíma kalda stríðsins (eftir 1945) – undir ótvíræðri forustu Bandaríkjanna N-Ameríku – byggði öðru fremur á tvennu: Annars vegar á því sem kalla má hnattvæðingarreglu nr. eitt, þ.e.a.s. hugmyndir frjálsbyggjunnar um frjálst flæði fjármagns milli landa og heimsálfa (stýrt af Bretton Woods stofnunum og síðar Heimsviðskiptastofnuninni). Þar ræðst straumstefna peninganna af styrkleikahlutföllum efnahagseininganna. Hinn meginþáttur hugmyndafræðinnar var andkommúnismi. Hann réttlætti víðtækt hernaðarkerfi heimsvaldasinna um lönd og álfur.

Eftir fall múrsins og Sovétríkjanna kringum 1990 höfðu Bandaríkin og bandamenn þeirra einstæða yferráðstöðu á heimsvísu, heimurinn varð „einpóla“. En þar með var líka farin ein helsta forsendan fyrir þeirri heimsmynd heimsvaldastefnunnar sem ríkt hafði. Hugveitur heimsvaldasinna þurftu nú að leggjast í dýpri þælingar og finna hugmyndalega yfirbyggingu yfir það sem þeir nefndu **new world order**. Stóra vandamálið fyrir USA og aðra vestræna heimsvaldasinna var að skapa sér RÉTTLÆTINGU FYRIR VIRKRI ÍHLUTANASTEFNU og fyrir hernaðarbröltinu sem tryggði arðránskerfið mikla á heimsvísu.

Heimsmyndin eftir 1990 hlaut að verða ofurlítið margbrotnari en hinar fyrri. Skjótt eftir lok kalda stríðsins smíðaði einn helsti ríkishugmyndafræðingur Bandaríkjanna, starfsbróðir Kissingers við Harvard-háskóla, stjórn málafræðingurinn Samuel Huntington, kenningu sem réttlætti áframhaldandi hernaðarhyggi heimsvaldasinna. „Næsta stríð, ef það kemur, verður átök milli siðmenninga“, sagði hann. Í Asíu eiga Vesturlönd í höggi við siðmenningar konfúsíanismans og hindúísmans, en aðalandstæðingur Vesturlanda á heimsvísu er þó íslam, útskýrði Huntington. Þetta mikilvægi íslams verður varla skýrt með sérstöku eðli íslamskrar menningar, miklu fremur af því að íslömsk svæði og OLÍURÍK svæði er nokkuð sem fer mjög saman. Og eftir fall Sovétríkjanna lögðu vestrænir heimsvaldasinnar einmitt áherslu á að tryggja yferráð sín í Miðausturlöndum, þar sem íslam er ríkjandi trú og menning.

Sjá má að ofanskráð greining „Foreign Policy“ á heimsástandinu nú um stundir er í góðum samhljómi við þessar tesur Huntingtons. Engan skyldi undra, því tímarit þetta var á sínum tíma (1970) stofnað einmitt af Samuel Huntington sjálfum (ásamt Warren D. Manshel).

Heimurinn varð sem sagt einpóla eftir 1990. Ofurvald Bandaríkjanna og bandamanna þeirra var slíkt að þau réðu flestu á alþjóðavettvangi, gátu t.d. notað SP í eigin þágu án teljandi mótstöðu og annað eftir því. Samkeppni um auðlindir og markað hélt þó áfram. Bandaríkin voru EIN Í FYRSTU DEILD en þau kepptu stundum um áhrifasvæði við lið úr Annarri deild eins og t.d. gömlu evrópsku stórveldin, Frakkland og Þýskaland. Dæmi um það var í aðdraganda seinna Íraksstríðsins og einnig í Afríku neðan Sahara, Kongó, Rúanda m.m. eins og brátt mun sagt verða. Gamla nýlenduveldið Bretland hefur hins vegar fyrir löngu sætt sig við að vera meðhjálpari í heimsvaldaathöfnum Bandaríkjanna. Upp úr aldamótunum fór síðan nýtt framstormandi auðvaldsríki, Kína, að banka á í keppninni í Fyrstu deild. Það olli því í fyrsta lagi að Vesturveldin snéru bökum þéttar saman en áður og í öðru lagi urðu þau HERSKÁRRI en fyrr.

Snúum þá aftur að hinni hugmyndalegu yfirbyggingu. Segja má að vestræn heimsvaldastefna og hernaðarstefna eftir 1990 hafi sótt fram undir tveimur fánum, a) fána sem á stendur skrifað „hryðjuverkaógn“ og b) fána sem á stendur „verndarskylda“.

Nýhægri heimsvaldastefna gegn „hryðjuverkaógn“

Hugmyndafræðin merkt „hryðjuverkaógn“ finnur helstu ógn samtímans í samsæri íslamskra hryðjuverkamanna. Sú hugmynd samræmist vel áðurnefndum kenningum Huntingtons um íslam sem helsta andstæðing Vesturlanda. Hryðjuverkagrýlan smáfærðist í aukana á 10. áratugnum. Með 11. september 2001 skópu svo vestrænir heimsvaldasinnar sér miklu herskárra hugmyndafræðilegt vopnabúr en áður. Bush yngri og hans menn hófu strax í kjölfarið „stríð gegn hryðjuverkum“, settu fram stefnu um „fyrirbyggjandi stríð“, gerðu lista yfir „öxulveldi hins illa“, og samdrætti í vestrænum herjum og bandarískum herstöðvum eftir lok kalda stríðsins var skjótlega snúið við í átt til nýrrar hernaðaruppbyggingar (árið 20013 voru bandarískar herstöðvar utanlands um 900 í 160 löndum). Óhætt er að kenna þessa hugmyndafræði við NÝHÆGRI HEIMSVALDASTEFNU: Sá sem ekki er með mér er á móti mér. Stefnan er bandarísk að uppruna en var óðara sett á verkefnaskrá NATO líka. Undir þessum merkjum hófst stríðið í Afganistan, og augljós undirbúningur undir seinna Íraksstríðið hófst einnig strax eftir 11. september.

Sá herskái íslamismi sem gjarnan fjandskapast við Vesturlönd er ekki allur sem hann er séður. Al Kaída er auðvitað aðeins einn, en mikilvægur, hluti þeirrar flokkaflóru. Það er hreyfing af grein salafista á meginstofni sunnímúslima. Flokkur þessi varð til í leynilegum en afgerandi tengslum við bandaríska leyniþjónustu í stríði Afgana við Sovétmenn á 9. áratugnum. Síðan þá hafa samtök þeirra verið gegnumsmogin af flugumönnum og komið afar víða við. Mikilvægur millihlekkur í samskiptum CIA við al Kaída eru Sádi-Arabar (sem einnig tilheyra súnnívæng íslam).

Meginhlutverk al Kaída og annarra jíhadista (herskárra íslamista) fyrir vestræna heimsvaldasinna var lengi að skapa þeim réttlætingu til íhlutana, eins og Afganistan er skóladæmi um. En vopnaðir jíhadistar hafa fjölþætt notagildi. Eftir að barátta Vesturveldanna gegn Íran hefur fengið meiri forgang hafa þau beitt íslamistunum fyrir sig á beinni hátt, nefnilega í því að kynda undir trúardeilum í löndum þar sem þeir vinna að „valdaskiptum“. Árið 2007 skrifaði Seymour Hersh grein um þetta sem hann nefndi [STEFNUBREYTINGUNA](#): „Bandaríkin taka þátt í leynilegum aðgerðum gegn Íran og bandamanni þeirra, Sýrlandi. Hliðarafurð þeirrar starfsemi er að styrkja hópa öfgasinnaðra súnníta sem hafa herskáa trúarafstöðu, eru fjandsamlegir Bandaríkjunum og hliðhollir al Kaída.“ Þróunin eftir 2007 sýnir æ betur með hverju ári að þessi greining Hersh gengur eftir.

Frjálslynd heimsvaldastefna og „verndarskylda“

Hugmyndir um „hryðjuverkaógn“ og ógn frá framandi siðmenningu hafa dugað Vesturveldunum vel til hernaðarlegrar útrásar, en þær duga þó ekki ótakmarkað. Mörgum frjálslyndum manni fannst og finnst þetta minna nokkuð mikið á nýlendustefnu 19. aldar og baráttu Evrópu fyrir „siðun villimannanna“. Og eftir sem áður stóð prinsippið um ósnertanlegt fullveldi þjóða óhaggað og torveldaði allar íhlutanir. Enda varð fljótlega til annar farvegur, samhliða þessum, sem heimsvaldastefnan gat veitt sókn sinni eftir. Í vestrænum hugveitum varð til hugmyndin um íhlutanir „í mannúðarskylni“: að það sem best geti réttlætt valdbeitingu og hernað gegn öðrum ríkjum væri „verndun mannréttinda“. Með því að gera valin ríki/stjórnvöld að djöflum með hjálp stóru fréttastofanna mátti grafa skipulega undan fullveldisprinsippinu og koma jafnvel á nýjum og „hreyfanlegri“ reglum í alþjóðlegum samskiptum. Þetta voru frjálslyndar hugmyndir og hér mátti fá með í krossferð ekki aðeins hina frjálslyndu heldur einnig marga vinstri menn, t.d. evrópuvinstrið sem hefur sínar eigin ástæður til að amast við fullveldinu. Hér var sem sagt komin hugmyndalegur búningur fyrir FRJÁLSLYNDA HEIMSVALDASTEFNU.

Góð dæmi um þessa íhlutanastefnu í framkvæmd, svonefndar „mannúðaríhlutanir“, eru stríðin tvö í gömlu Júgóslavíu á 10. tug síðustu aldar, síðan stríðið í Líbíu 2011 og nú síðast staðgengilsstríðið í Sýrlandi sem enn hefur ekki þróast í beina NATO-innrás. Hugmyndalegur búningur íhlutana í þessi lönd hefur verið sá að verið sé að vernda þegna landanna frá voðaverkum eigin stjórnvalda.

Það segir sína sögu að forysta Samfylkingarinnar – sem studdi ekki innrásina í Írak 2003 – studdi einarðlega árásir NATO á Júgóslavíu 1999 og Líbíu 2011. Og vinstri stjórn Jóhönnu og Steingríms studdi alveg fumlaut „uppreisnaröflin“ í Líbíu sem og aðgerðir NATO gegn landinu. Og Össur Skarphéðinsson talaði ítrekað fyrir aðgerðum „alþjóðasamfélagsins“ í Sýrlandi. Eftir að Rússland og

Kína beittu neitunarvaldi í Öryggisráðinu gegn aðgerðum í Sýrlandi í febrúar 2012 gagnrýndi Össur ráðið harðlega og sagði það vera þröskuld í vegi þess að „alþjóðasamfélagið“ gæti látið til sín taka í málefnum Sýrlands. Á hinum Norðurlöndunum er myndin svipuð. Í innrásinni í Írak 2003 voru aðeins hægristjórnirnar í Danmörku og á Íslandi með í „bandalagi hinna viljugu.“ En í Líbíustríðinu voru öll Norðurlöndin með, í nafni „mannúðar“, m.a.s. þau sem ekki eru í NATO. Þessi búningur íhlutunarstefnunnar þjónar henni sem sagt enn betur en hinn.

Með yfirburðastöðu sinni á alþjóðavettvangi tókst vestrænum heimsvaldasinum árið 2005 að koma í gegn í Allsherjarráði SP nýju prinsippi, um „verndarskylduna“, skyldu „alþjóðasamfélagsins“ til að vernda borgarana í hvaða landi sem er (Responsibility to Protect, gjarnan skammstafað R2P). Verndarskyldan er prinsipp sem í framkvæmd er SETT OFAR en reglan um að HLUFAST EKKI TIL UM INNRI MÁL fullvalda ríkja. Þarna er fundin skylda og réttur sem rýfur fullveldismúrinn! Undir þessum merkjum eru nýjustu stríðin háð. Þetta er búningur hinnar nýju hernaðarstefnu, „mannúðar-heimsvaldastefnunnar“.

Á 19. öld og allt fram til 1945 voru það nýlenduherrar og „herrapjóðir“ sem áskildu sér rétt til íhlutana í fjarlægum löndum. Nú er það eitthvað sem nefnir sig „alþjóðasamfélagið“ sem áskilur sér þann rétt. Eftir 1990 eru þeir sem beita þessum rétti alltaf þeir sömu – Bandaríkin og NATO-veldin. Engir aðrir.

Múrbrjótar gegn fullveldismúrnum

Þessi róttæka breyting í alþjóðasamskiptum komst ekki á allt í einu vettvangi heldur smátt og smátt. Útbreiðsla hugmyndanna um „hryðjuverkaógnina“ og hugmyndanna um „verndarskylduna“ er aðeins möguleg fyrir tilstilli „heilabvottavélarinnar“, þ.e. gífurlegrar miðstýringar í vestrænu fjölmiðlakerfi. Heimsmyndinni er dælt inn í okkur nótt og dag – eins og áður nefnt yfirliti í Speglinum 6. janúar er gott dæmi um.

Heimsvaldasinnar þjuggu sér til hugmyndaðleg verkfæri sem kalla má „múrbrjóta“ gegn fullveldismúrnum. Eitt áhrifaríkasta verkfærið er að úthrópa viss ríki sem „ópokkaríki“ og gera leiðtoga þeirra að djöflum í mannsmynd. Annað verkfæri, náskyli, er að auglýsa upp úr öllu valdi ákveðin grimmdarverk (gjarnan framin í „ópokkaríkjum“, allt upp í það að lýsa yfir „þjóðarmorði“. Með þessi dæmi að vopni er skipulega grafið undan áður ríkjandi reglum í alþjóðalögum, grafið undan hugmyndinni um ósnertanlegt fullveldi þjóða og samtímis markaðssett hugmyndin um nauðsyn utanaðkomandi íhlutana (af hálfu „alþjóðasamfélagsins“).

Dæmi sem mest eru notuð hin síðari ár af vestrænum leiðtogum og vestrænum fjölmiðlum til að réttlæta íhlutanastefnu eru sótt til Bosníu 1995, Kosovo 1999, Darfúr (Powell, bandaríski utanríkisráðherra lýsti yfir 2003 að „þjóðarmorð“ færi fram í Darfúr), Suður-Súdan hin síðari ár og nýjustu stríðslöndin, Líbía og Sýrland. En mest notaða dæmið af öllum er blóðbaðið í Rúanda og Búrúndí 1994 (Búrúndí, nágrennaríki Rúanda, hefur reyndar nokkuð fallið í skuggann, „þjóðarmorðið“ þar var nokkru minna í sniðum). Kofi Annan, aðalritari SP 1997–2006 (m.a. þegar „verndarskyldan“ var viðtekin hjá SP), orðaði það svo í sjónvarpsviðtali: „Alþjóðasamfélagið brást Rúanda og það hlýtur að skilja eftir hjá okkur beiska eftirsjá.“ (BBC news 26. mars 2004)

Fleiri verkfærum beitir heimsvaldastefnan til að skapa sér árársarfæri inn á mikilvæg svæði. Áður var nefnt að Bandaríkin kyntu undir trúardeilum til að grafa undan ákveðnum stjórnvöldum með því að styrkja íslamista og beita leynivopninu al Kaída. Þetta fellur inn í gamla stjórnlist heimsvalda og stórvelda við að veikja eða fella andstæðinga, að „deila og drottna“. Aðferð Vesturveldanna við að styrkja tök sín í Mið-Austurlöndum, Afríku og víðar er mjög oft einmitt þessi: að skapa sundrunu og upplausn, að gera viðkomandi land „viðráðanlegra“, að koma á valdaskiptum, a.m.k..

Vel auglýstar áróðursherferðir heimsvaldapressunnar um mannréttindabrot, fjöldamorð o.fl. byggja yfirleitt ekki á eintómu lofti. Umrædd svæði eru átakasvæði þar sem geysar frelsisbarátta, þjóðernisleg barátta, barátta fyrir aukinni sjálfsstjórn, aðskilnaði landshluta, ólga af einhverju tagi eða þá einhvers konar neyðarástand. Nóg er af slíkum dæmunum en vestræn pressa ræður því hvaða svæði er sett í fókus.

Ef slík barátta fær stuðning í vestrænni pressu eða slík neyð fær kastljósið á sig er ástæða til að skoða málið nánar. Þá er nokkuð víst að heimsvaldasinnar telja viðkomandi stjórnvöld til andstæðinga sinna og styðja þess vegna andspyrnuöflin til að veikja þetta ríki eða koma á „valdaskiptum“. Þegar ólgan á slíkum átakasvæðum þróast yfir í borgarastríð er mjög líklegt að heimsvaldasinnuð herveldi standi þar á bak við. Við nánari skoðun sést líka oftast en ekki að heimsvaldasinnar eiga einhvern hlut að máli í hinum auglýstu grimmdarverkum, en ekki er við að búast að hin miðstýrða vestræna pressa fjalli um það.

Afríka - endurtekið nýlendukapphlaup

Nýlendukapphlaupið um Afríku endurtekur sig. Endurtekið nýlendukapphlaup stórveldanna er hreint ekki bundið við Afríku en í þessari grein er athyglinni beint að Afríku.

Afríka er afar rík af mörgum þeim hráefnum sem heiminn skortir. Olía og jarðgas eru mikilvægur en þó aðeins einn þáttur. Nefna má málma (gull, járn) og grundvallarefni í nútímaíðnaði og landbúnaði eins og úran, bauxít og fosfat. Í Kongó keppa auðhringarnir um vinnsluna á koltan sem er nauðsynlegt efni fyrir alla farsíma og tölvur, þar með lykilefni í hergagnaframleiðslu. Aðalkeppendur um auðlegð Afríku eru annars vegar Vesturveldin (einkum Bandaríkin, Bretar og Frakkar) og hins vegar Kína. Kína er nú stærsti viðskiptavinur Afríku og sem fjárfestir er það líka risi. Vesturveldin geta ekki lengur unnið Kína í keppninni um Afríkumarkaðinn á viðskiptagrundvelli. Svar þeirra er aukin beiting hervalds.

Heimsvaldasinnar senda nú heri og/eða „hernaðarráðgjafa“, lofthersveitir eða „dróna“ inn í Afríku og blanda sér þannig í þarlend átök í meiri mæli en þau hafa almennt gert frá því nýlendutímanum lauk upp úr 1960. Frakkar hafa á undarförnum misserum sent hersveitir inn í nokkrar af gömlu Afríkunýlendum sínum: Fílabeinsströndina (2011), Malí (2013), Miðafríkulyðveldið (2013).

Bandaríkin beita æ fjölbreytilegri herstjórnarlist í heimsvaldabrölti sínu. Eðlilega beita þeir helst hervaldi í löndum þar sem stjórnvöld teljast þeim ekki nægilega hliðholl. En í staðinn fyrir beinar innrásir líkt og í Írak og Afganistan veðja þau í auknum mæli á STAÐGENGILSSTRÍÐ, að vopna og styðja helstu fylgiríki sín til að annast hernaðarafskipti, stundum gegnum Afríkusambandið. Ellegar að Pentagon styður staðbundna stríðsherra gegn óæskilegum stjórnvöldum, stríðsherra sem ýmist berjast á grundvelli ættflokka eða trúar. Þegar þetta er skrifað láta Kanar til sín taka hernaðarlega í Súdan, Sómalíu, Miðafríkulyðveldinu (ásamt Frökkum) og miklu víðar.

Súdan: Bandaríkin stóðu fremst í flokki í stuðningi við aðskilnað suðurhluta Súdans og sjálfstæði Suður Súdan, bæði með viðskiptaþvingunum gegn stjórninni í Khartoum og áratuga stuðningi við uppreisnarherinn SPLA (Sudan Peoples Liberation Army), nokkuð sem skilaði landshlutanum sjálfstæði 2011. Áherslu Pentagon á þennan stuðning verður að skilja annars vegar í ljósi mjög lofandi olíulinda í Suður Súdan og hins vegar vaxandi umsvifa Kínverja í Súdan og vinskap þeirra við stjórnvöld í Khartoum. **Sómalía:** Eftir misheppnaða vopnaða íhlutun í Sómalíu 1991-94 hafa Bandaríkin beitt fyrir sig herjum Eþíópíu, Kenýu og Afríkusambandsins til íhlutunar og „friðargæslu“ í landinu. Helstu fylgiríki Bandaríkjanna leggja til hersveitir á vegum Afríkusambandsins, ekki síst Úganda. Bandaríkin hafa í landinu hópa hernaðarráðgjafa og stöðvar til drónahernaðar á borgir og bæi Suður-Sómalíu. **Líbía:** Kínverjar voru hraðvaxandi viðskiptaaðili Gaddafís í Líbíu en innrás NATO 2011 neyddi þá til að draga sig út. Líklega var það mikilvægasta ástæða fyrir árás NATO þótt vestræn pressa forðaðist eins og heitan eldinn að nefna slíkt.

Eftir að efnahagssókn Kína í Afríku hófst lögðu heimsvaldasinnar hugveitur til við George W. Bush að stofna sérstaka herstjórn fyrir Afríku og niðurstaðan varð AFRICOM, Bandaríska Afríkuherstjórnin sem var komið á fót 2006-08. Gegnum AFRICOM leggur Pentagon Afríkuríkjum til hernaðarráðgjafa, sendir litla herflokka til herþjálfunar, tekur þátt í heræfingum og skipuleggur hernaðaraðstoð. Þannig hefur Pentagon nú komið á skipulegu hernaðarsamstarfi við öll 54 ríki Afríku nema Súdan, ^{Simbabve} og Eritreu. Markmið Bandaríkjanna er að SAMEINA Afríku undir Bandarískri herstjórn, ennfremur freista þess að halda Kína frá kjötkötlum Afríku.

- [Afganistan](#)
- [Afríka](#)
- [Alþjóðamál](#)
- [alþjóðasamfélagið](#)
- [Heimsvaldastefna](#)
- [Írak](#)
- [Íran](#)
- [Líbanon](#)
- [Líbía](#)
- [mannúðarleg heimsvaldastefna](#)
- [NATO](#)
- [Samuel Huntington](#)
- [Seymour Hersh](#)
- [Spegillinn](#)
- [Sýrland](#)

Source URL:

<http://www.attac.is/greinar/%E2%80%9Everndarskyldan%E2%80%9C-%E2%80%93-%C3%B3skab%C3%BAningur-%C3%ADhlutunarstefnunnar>